

Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

JÚLÍ 2013

7. tbl. 20. árg.



S. 581 15 15
3 staðir 1 símanúmer
Gnoðarvogi 44 - Ánanaustum og Eddufelli 6



Strákarnir í 5. og 4. flokki ÍR í knattspyrnu tóku þátt í átaksverkefni Reykjavíkurborgar sem fólst í því að borgin óskaði eftir við borgarbúa að tína upp rusl í sínu nánasta umhverfi. Strákarnir létu sig auðvitað ekki vanta. Leikmenn 4. flokks karla hittust við Krónuna í Jafnaseli og gengu þaðan í áttina að ÍR-heimilinu í nokkrum hópum. Dugnaður strákanna var til fyrirmyndar og afraksturinn ótrúlegur Á myndinni má sjá hópinn að loknu vel unnu dagsverki.
Mynd: GG.



Sveinsbakari
Hólagarði og
Arnabakka

Lyfjaval
APÓTEK
ÁLFTAMÝRI • MJÓDD
BÍLAAPÓTEK
HÆÐASMÁRA 4
opið 10-23 alla daga



Iceland



**PANTAÐU
Á NETINU**
www.dominos.is sími 58-12345



Velkomin í Landsbankann í Mjódd

Ánægðustu viðskiptavinirnir eru í Landsbankanum. Útibúið í Mjódd er opið alla virka daga frá 9.00 til 16.00. Við tökum vel á móti þér.

Landsbankinn í Mjódd

landsbankinn.is

410 4000



ÓDÝRARI LYF Í HÓLAGARÐI

 **Apótekið**
-einfalt og ódýrt

Opið: Mán-fös: 10.00 -18.00 • Lau: 10.00 -14.00

Sumartilboð

Pepsi & Pepsi Max 2 lítra

Verð áður 298 kr.

Verð núna 229 kr.

Maryland Kex 172 gr

Verð áður 184 kr.

Verð núna 149 kr.

Kjúlla Leggir & Læri

Verð áður 1.298 kr./kg.

Verð núna 1.038 kr./kg.

Lamba Læri

Verð áður 1.798 kr./kg.

Verð núna 1.498 kr./kg.

Trópi Nýkreistur 1 líter

Verð áður 498 kr.

Verð núna 389 kr.

Ballerina Kremkex 190 gr

Verð áður 264 kr.

Verð núna 219 kr.

Lamba Prime

Verð áður 4.490 kr./kg.

Verð núna 3.498 kr./kg.

Lamba Fillé

Verð áður 4.998 kr./kg.

Verð núna 3.798 kr./kg.

Toppur Sítrónu 0,5 lítra

Verð áður 180 kr.

Verð núna 99 kr.



Pín verzlun

SELJABRAUT 54 • SÍMI 557 1780 - 577 1788

- á traustum grunni

Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Vesturgötu 15 • 101 Reykjavík • Sími: 511 1188

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Landsprent ehf.

7. tbl. 20. árgangur

Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Eitt stórt og litríkt Breiðholt

Skipulag hefur öðrum þáttum mótandi áhrif á þróun mannlífs. Þetta má sjá í borgum og bæjum og jafnvel í dreifðum byggðum. Breiðholtið í Reykjavík er engin undantekning að þessu leyti. Breiðholtið var skipulagt sem heilstæð byggð utan annarra byggðra svæða í borginni. Af skipulagslegum ástæðum og náttúrulegu umhverfi er Breiðholtið nokkuð sjálfstæður borgarhluti – einkonar bær í borginni. Fjöldi íbúanna allt að 22 þúsundum skapar einnig hentuga stjórnsýslueiningu ef sveitarstjórnarmál þróast með þeim hætti að auka virkni og starf hverfastjórna. Verði sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu sameinum að einhverju eða jafnvel öllu leyti eins og farið er að ræða um verður að gera ráð fyrir að hverfastjórnrir fái aukið vægi og hlutverk í stjórnsýslunni – jafnvel að kosið verði til þeirra samhliða sveitarstjórnarkosningum.

Þetta eru kostir skipulags Breiðholtsins en það hefur einnig ákveðna galla. Í viðtali við Magnús Guðmundsson verkefnisstjóra æskulýðsmála og gróinn Breiðhulting hér í blaðinu kemur fram það sjónarmið að Breiðholtið hafi aldrei náð að mótast sem ein samstæð byggð. Breiðholtið skiptist raunar í fjóra byggðakjarna; Bakka, Hóla, Fell og Sel. Mannlífið hafi fylgt þessum skipulagslegu staðreyndum og íbúarnir aldrei náð saman. Því hafi sterk byggðasamstaða ekki náð að verða til. Hann telur nauðsynlegt að koma á fót samræðuvettvangi og mynda samstöðu um og hugsa um Breiðholtið sem eina heild. Eitt stórt og litríkt samfélag. Breiðholtsblaðið tekur undir hugmyndir Magnúsar að þessu leyti. Hverfismynd Breiðholtsins er skipt. Hún hefur orðið til af skipulagslegum forsendum. Hverfishlutarnir mynda ákveðnar heildir innan byggðarinnar og mannlífið hefur mótast eftir því. Það getur haft ákveðna kosti en einnig galla og einkum þann að erfiðara getur reynst að byggja upp öfluga og jákvæða ímynd byggðarinnar sem heildar. Fyrir það hefur Breiðholtið liðið nokkuð.

**ALLTAF FULLT BORD
AF FERSKUM FISKI
OG FISKRÉTTUM**

Opið alla virka daga kl. 9 – 18:30.

FISKBÚÐ  HÓLMGEIRS
MJÓDD

Um 40% fækkun afbrota

Allt frá því að lögreglustöðin í Breiðholti var lögð niður, hún sameinuð deild lögreglunnar í Kópavogi og starfsemin færð á Dalveginn þar í bæ árið 2009 hafa íbúar í Breiðholti haft áhyggjur af því að lögregla sé ekki nægilega sýnileg í hverfinu. Með þessu varð nokkur breyting á löggæslunni, sem nú fer einkum fram úr einum bíl sem þar er jafnan staðsettur en gerður út frá lögreglustöðinni á Dalvegnum í stað starfsstöðvar lögreglunnar í Mjóddinni þar sem hverfislögreglumenn höfðu bækistöð sína og sinnu verkefnum í Breiðholti.

Ef rýnt er í tölfræði lögreglunnar kemur í ljós að afbrotum hefur fækkað um allt að 40% á undanförunum árum og afbrotatíðni orðin sambærileg því sem gerist í öðrum íbúahverfum borgarinnar. Þessi þróun hefur átt sér stað þrátt fyrir margbreytileika Breiðholtsins en þar býr fólk af öllum þjóðfélagsstigum og mörgum þjóðernum og frá mörgum menningarsvæðum. Mikil breyting hefur orðið til hins betra á liðlega tveggja áratuga tímabili en á árum áður skapaðist nokkuð sérstök ungmennamenning eða svokölluð gengjamening í að minnsta kosti sumum hlutum Breiðholtsins. Slík ungmennamenning heyrir nú sögunni til og á sama hátt hefur tekist að skapa traust á milli fólks af ýmsum þjóðernum. Hvað lögregluna varðar er hún litin misjöfnum augum frá einu menningarsvæði



Horft yfir Bakkahverfi í Breiðholti.

til annars og fólk sem flust hefur frá löndum þar sem mikil spilling er ríkjandi eða einræði tíðkast ber fólk ekki sambærilegt traust til hennar og Íslendingum er gjarnt að gera. Margt af því fólk sem komið hefur hingað til lands og sest að í Breiðholti jafnt sem annarstaðar kemur frá löndum þar sem fólk ber lítið eða ekkert traust til lögreglunnar, leitar ekki til hennar í neyðartilvikum og beinlínis óttast hana vegna innri spillingar eða þjónkunar við einræðisgjarna og spillta valdhafa. Þessara tilfinninga varð fljótt vart á meðal nýbúa í Breið-

holtinu en með tímanum hefur tekist að vinna gegn hugarfari af þessu tagi. Þar kemur bæði starf lögreglunnar til og þá ekki síst starf hverfislögreglunnar á sínum tíma og einnig almenn upplýsingagjöf. Ekki er um meira kynáttahatur að ræða í Breiðholti en annars staðar á byggðu bóli þar sem fólk af breytilegum og blönduðum þjóðernum býr. Þess verður einkum vart á samskiptavefjum á borð við facebook þar sem stundum má sjá grófar hótanir. Þetta á þó ekkert frekar við um Breiðholtið en önnur hverfi og byggðir.

Þrjár úthlutanir í Breiðholtið

Íbúasamtökin Betra Breiðholt fengu 247.500 krónur fyrir verkefnið Hjólum saman á öllum aldri. Íþróttafélagið Leiknir í Breiðholti fékk 600 þúsund króna styrk til að koma á fót námsveri fyrir börn sem stunda íþróttir hjá félaginu og leikskólinn Ösp fékk sömu upphæð til að efla félagsauð hjá innflytjendum.

Þrettán verkefni hlutu styrk úr Hverfissjóði Reykjavíkur en tilgangur sjóðsins er að styðja við verkefni sem stuðla að bættu mannlífi, eflingu félagsauðs, fegurri ásýnd borgarhverfa, auknu öryggi í hverfum borgarinnar og samstarfi íbúa, félagasamtaka eða fyrirtækja við borgarstofnanir. Fimm milljónir króna voru veittar að þessu sinni til eflingar frumkvæðis íbúa í hverfum borgarinnar. Hverfissjóður Reykjavíkurborgar byggir á samfélags-sjóði SPRON sem var færður borginni til varðveislu og til



Frá aðalfundi Betra Breiðholts. Lárus Rögnvaldur Haraldsson formaður hverfissráðs í ræðustól.

úthlutanar. Tilgangur sjóðsins er að gera íbúum Reykjavíkurborgar kleift að hafa frumkvæði

að hverfis-tengdum verkefnum. Úthlutað verður aftur úr sjóðnum vorið 2014.

Heiti potturinn í Breiðholti

Heiti potturinn er nýtt verkefni á vegum Reykjavíkurborgar sem ætlað er að virkja ungmenni á aldrinum 16 til 25 ára í Breiðholti.

Verkefnið verður unnið á

þann hátt að ungmennin geta komið með að einhverju uppbyggilegu og skemmtilegu. Síðan geta þau búið til umsókn og eiga að fá allt að 200 þúsund króna styrk til þess að framkvæma.

Verkefnið verður auglýst ræklega í næstu viku og hægt er að koma með umsóknir frameftir ágúst og jafnvel eitthvað lengur.



GARDHEIMAR


Sumarútsalan hafin

20% til 70% afsláttur

SUMARBLÓM - ÁVAXTATRÉ - GRILL - GRILLVÖRUR - ÚTISTYTTUR
GARÐSKRAUT - TJARNARVARA - SLÁTTUVÉLAR - ÚTIPOTTAR - GARÐLJÓS
FRÆ- GARÐHÚSGÖGN - VIÐARVÖRN - O.FL.



GARDHEIMAR

Gardheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is og á 

ÓPIÐ TIL 21:00
ÖLL KVÖLD

VIÐTALIÐ

Þurfum að skapa eitt stórt Breiðholt

Magnús Guðmundson er Breiðhyllingur í húð og hár. Þeir gerast ekki meiri að hans eigin sögn. Er alinn upp í Fellunum og hefur búið þar alla ævi ef frá er talið eitt ár sem hann prufaði landsbyggðina. Bjó og starfaði á Dalvík en segir heimþrána þá hafa náð yfirhöndinni í lífi sínu. Magnús hefur lengi starfað að æskulýðsmálum. Hann starfaði um tíma í Grafarvogi en er nú verkefnastjóri fyrir Félagsmiðstöðina Holtið á Norðlingaholti. Hann neitar ekki að einhvern tímann kunnir hann að flytja sig um set og taka til starfa í Breiðholtinu. „Það er ekkert útlokað að ég eigi eftir að þusa yfir ungmennum hér enda fékk ég mína félagsmálaskólun í Fellahelli á sínum tíma,“ segir Magnús þegar hann er sestur með tíðindamanni í Húsi Bakarans við Eddufellið í Breiðholti.

„Ég er fæddur 1981 og hef verið hér frá þeim tíma ef frá er talið árið sem ég var á Dalvík og starfaði sem verkefnastjóri í æskulýðsmálum þannig að árin í Fellunum eru orðið 30. Ástæðan fyrir því að ég fór til Dalvíkur var sú að það blundaði í mér einhver draumur. Draumur um að prufa eitthvað annað og búa í litlu samfélagi. Foreldrar mínir eru ættuð utan af landi. Móðir mín úr Skagafirði og pabbi er frá Akranesi. Þannig hafa einhver landsbyggðaráhrif síast í mig í uppvextinum. Á þessum tíma var ég var komin með tvö börn og við þær aðstæður getur verið gott að búa í fámenni. Það reyndist líka frábært að búa í þessu litla samfélagi fyrir norðan en einhvern veginn náði heimþráin tókum á mér. Ég er svo mikill Breiðhyllingur í mér. Ég er líka mikill Leiknismaður. Kom fyrst á völinn fimm ára og ólst þar upp að hluta. Ég var að æfa að sparaka tuðru í ellefu ár en tók litlum framförum. Lærði þó að búa við aðhald á vellinum. Þrátt fyrir að ég yrði ekki atvinnumaður úr knattspyrnu fer ég mikið þangað. Horfi á leiki og blanda gerði við það ágæta fólk sem stendur að félaginu. Það er eins og ein fjölskylda.“

Börn út um allt

Magnús segir uppvaxtarárin hafa verið æðisleg. Fullt af krökkum og alltaf nóg að gera. Svo hafi börnunum fækkað, þegar hann var á efri árunum í Fellaskóla hafi verið rætt um að einsetja skólann en fram til þess hafi hann verið tví- og jafnvel þrjú. „Mig minnir að um 150 unglingar hafi verið í unglingsátt þegar ég var þar en þessi tala er komin niður í 80 til 90 í dag.“ Hann segir að í sínu minni hafi börn verið að leik út um allt. „Umhverfið var þægilegt og gott að vera úti. Stutt niður í Elliðaárdal. Þar var nokkuð öðruvísi umhorfs en nú. Mikið var af netadræsum og bílflökum í dalnum og hann var ekki eins skógi vaxinn og í dag. Vatnsenda-svæðið var líka draumasvæði áður en stofnbrautin var lögð þar yfir. Að fara upp á Vatnsendahæð var bara að fara upp á fjall fyrir okkur krakkana. Við tókum með okkur nesti og þar bjuggum við okkur til ævintýraheima. Þetta



Magnús Guðmundsson verkefnastjóri. Myndin er tekin í Húsi Bakarans við Eddufell í Breiðholti.

var allt eins og í ævintýralandi. Róló var troðfullur af krökkum. Börnin voru út um allt. Þau voru að skapa sér sína eigin leiki og aðstöðu. Þetta hefur breyst mikið. Bæði hefur börnum fækkað og þau eru mun meira inni við en þá. Þau eru bara heima með ípodinn.“

Steyptum körfustöngina niður

„Ég man að það var enginn körfuboltavöllur í Rjúpufellinu þar sem ég ólst upp, þannig að við ákváðum að búa okkur til aðstöðu. Við náðum okkur í skóflur og steypu og grófum síðan holu, settum stöng í holuna og fylltum með steypunni í kring og steypum hana fasta. Þessi framkvæmd vakti ekki mikla lukku hjá gatnamálastjóra. Hverfisstjórinn sem þá var í Jafnaselinu hét Hörður og var kallaður Kastró. Hann var alls ekki ánægður með þetta framtak en við fengum þó að hafa stöngina. Við pössuðum líka mikið upp á þessa kröfu. Máludóm hana og gættum þess að hún liti vel út.“

Bjó til óþægilegri útgáfu af sjálfum mér

Svo tóku unglingsárin við. „Já - ég var frekar mikill bókakari. Átti fremur auðvelt með að læra og fjölskyldan lagði mikla áherslu á að ég stundaði námið af elju. En það þótti ekki nógu flott í Breið-

holti þess tíma að vera riðvaxinn bókaormur. Þess vegna bjó ég mér til svona óþægilegri útgáfu af sjálfum mér og fór að þreifa fyrir mér í lífinu. Mér lá svolítið á verða fullorðinn sem hafði bæði kosti og galla. Fellahellir var þá komin til sögunnar og ég ólst þar upp að nokkru leyti. Fellahellir var opnaður 1970 að tilstuðlan áhyggjufullra foreldra og Framfarafélags Breiðholts í samráði við borgaryfirvöld. Engin félagsmiðstöð var þá í hverfinu og engin aðstaða fyrir unglunga til að koma saman. Sverrir Friðþjófsón var forstöðumaður fyrstu árin. Hann var líka einn af stofnendum Leiknis og hann gerði heilmikið fyrir hverfið á þessum tíma. Magnús segir þessa félagsmiðstöð hafa gegnt stóru hlutverki í lífi margra. Fellahellir var opinn hvern einasta dag allan daginn og fram á kvöld. Maður gat hlaupið þangað í hádegishléinu og farið svo beint í skólann. Hinn óformlegi hluti náms míns fór fram í Fellahelli. Þar lærði ég mikið af þeim hlutum sem ég bý að í dag. Ég var í ýmsum ráðum og nefndum og tók út mikinn þroska. Ég fékk líka tilsögn í viðburðastjórnun. Þarna lagði ég grunninn að ævistarfinu.“

Önnur menning í FB

Eftir Fellaskólann lá leiðin í Fjölbrotaskólann í Breiðholti. Það urðu Magnúsi talsverð viðbrigði. „Þar var allt önnur menn-

ing. Maður týndist í fjöldanum og þarna var eiginlega ekkert sem heillaði mig. Ég hætti í FB eftir tvö ár. Ég fór að vinna og lifa lífinu. Mig langaði alltaf að vinna í æskulýðsstarfi þar sem ég byrjaði að starfa þegar ég var títugur. Ég hvarf þó ekki endanlega frá námi. Tók þráðinn upp aftur en endaði í háskólanámi þar sem ég lauk námi í tómtunda- og félagsmálafræði. Þetta nám hentar mjög vel til starfa í félags- og tómtundamálum og nú er ég búinn að starfa í þeim geira í um 12 ár.“ Magnús segir að þótt Fellahellir hafi getað boðið flest það sem ungmennin vanhagaði um sé fjölbreytnin orðin meiri en þá. „Margt af því fólk sem ólst þar upp og undir verndarvæng félagsstarfsins hefur síðar komið til starfa að æskulýðsmálum. Ég er alls ekki einn um það.“

Áfengisdrykkjan hefur minnkað

Annað sem Magnús minnst á í sambandi við unglingsstarfið er áfengisdrykkja ungmenna. „Hún hefur minnkað mikið. Reykjavíkurborg steig mjög gott skerf á sínum tíma til þess að sporna gegn hópamyndum ungmenna. Hér áður fyrr voru stundum fimm eða sex tugir ungmenna saman í hóp eftirlitslaus á fyllirí. Og það voru margir aðrir en Breiðhyllingar sem tóku þátt í þessu. Fólk kom hingað uppeftir úr hörðum borgarhlutum vegna þess að

hér var stuð og hér var gaman. Þótt það sé liðin tíð á þessi fortíð þátt í að viðhalda einhvers konar mýtu um að Breiðholtið sé öðruvísi en önnur hverfi og samfélög í borginni. Fordómarnir sköpuðust meðal annars af því að sumum ungmennum fannst flott að koma úr einhvers konar villinga-hverfi eða samfélagi og voru jafnvel stolt af því. Við vorum heldur ekkert að blása þetta niður og því síður að hugsa um að þetta leiddi til orðspors sem myndi loða við samfélagið í ár og áratugi. Ég held líka að lögreglan hafi líka unnið gott starf í Breiðholtinu. Það var hverfisstöð í Mjóddinni og þar störfuðu menn á borð við Einar Ásbjörnsson, Heimi Ríkharðsson, Jóhannes Davíðsson og fleiri góðir menn. Einar kom og spilaði körfubolta með okkur strákunum og Heimir var að þjálfa í handboltanum. Þessir menn gegndu stóru hlutverki í Breiðholtinu. Þeir voru uppalendur ekkert síður en löggæslumenn. Það var eftirsjá að hverfislögreglunni. Ég tel að það væri góður liður í innra starfi í Breiðholtinu að koma henni á fót að nýju.“

Fréttamenn ala á fordómum

Nú þegar maður er orðinn eldri vill maður blása þetta orðspor af. En fordómarnir hafa lifað og fréttamenn eiga sinn þátt í að halda þeim við samanþer skrifa í Fréttablaðinu fyrir skömmu þegar blaðakona fékk það verkefni að skrifa um Breiðholtið í heila viku. Það er enn grunnt á æsifrétta-mennsku þegar Breiðholtið á í hlut. Okkur vantar ákveðnari talsmenn í baráttunni fyrir bættu orðspori. Borgaryfirvöld hafa þó á síðari árum og ekki síst eftir tilkomu Besta flokksins vakið athygli á Breiðholtinu og unnið á móti þessari ímynd. Þar nægir að benda á ýmis verkefni sem borgin hefur stutt við og tímabundinn flutning skrifstofu borgarstjóra í Gerðuberg á liðnum vetri. Ég hafði ákveðnar efasemdir gagnvart Besta flokknum í upphafi en get ekki sagt annað en að þeir hafi staðið sig með þryði.“

Vantar samheldni

Magnús heldur áfram að velta orðspori Breiðholtsins fyrir sér. „Eitt af því sem vantar er samheldni. Það hefur aldrei skapast almenlegur félagsauður í Breiðholtinu. Við höfum ekki verið nægilega dugleg að taka höndum saman og skapa samstöðu. Ég man frá því að ég var krakki að það var tilviljun ef sást barn úr Breiðholtsskóla hér efra. Við hér úr Fellunum vorum langstærsti hópurinn í Fellahelli. Breiðholtinu hefur alltaf verið skipt upp í þrjú hverfi, jafnvel fjögur og það viðgekkst að fólk talaði niður til hvors annars eftir því hvar það bjó. Þetta var og er ef til vill enn líkt og víða mátti sjá og heyra út á landi. Íbúar eins þorps töluðu niður til fólksins í næsta þorpi og öfugt. Með því myndast ekki sá andi sem þarf til að skapa heilstæða hverfis- eða bæjarvitund. Eftir að hafa unnið um árabíl í Grafarvogi og kynnst íbúum þess



Nei - ég var ekki að gifta mig sjálfur á Norður Írlandi heldur býr bróðir minn þar en hann er doktor í líffræði við Queens Háskólann í Belfast.

borgarhluta og hverfisvitund veit ég að þetta er ekki allsstaðar eins. Mun meiri samheldni ríkir á milli fólksins í Grafarvogi en í Breiðholti það er allavega mitt mat.“

Þarf að sameina íþróttafélögin

Magnús vikur máli að fjölmenningsarsamfélaginu í Breiðholti. „Nú er kominn fjöldi fólks inn í þetta samfélag sem á sér erlendan uppruna og annan menningarlegan bakgrunn en við. Af þeirri ástæðu er enn meiri nauðsyn en áður að búa til einhvers konar samræðuvettvang þar sem fólk af ýmsum uppruna getur komið saman og miðlað hvort öðru af menningu sinni og annarri þekkingu. Við getum miðlað af okkar menningu en við getum einnig þegið og notið tækifara til þess að vikka okkar sjóndeildarhring. Á sama hátt þarf að efla þau tengsl sem íþróttafélögin skapa. Þótt ég sé uppalin Leiknismaður og grjótharður sem slíkur beygi ég mig fyrir þeim veruleika að það eigi að sameina íþróttafélögin í Breiðholti. Það þarf að sameina

mörgu öðru. Ég held að sú uppeldisstefna sem við í Leikni höfum ástundað sé að skila sér í öflugra fótboltafólki og betri félagsanda.“

Menningarmiðstöð í Fellahverfi

„Minn draumur er sá að hægt verði að koma upp menningarmiðstöð í Fellahverfi. Menningarmiðstöð þar sem hægt yrði að skapa fjölbjóðlegan félagsauð. Þar sem hægt yrði að gefa nýbúum og fólki með mismunandi bakgrunn aðstöðu til að kynna sína menningu. Aðstöðu þar sem innfæddir og aðfluttir gætu mæst á jafnréttisgrundvelli félagsauðs, menningar og listastarfsemi. Við höfum Gerðuberg sem er öflug menningarmiðstöð en hún gegnir aðeins öðru hlutverki. Það er gnægð af húsnæði hér í Fellunum. Það þyrfti ekkert að byggja en það mætti nýta hverfissjóðina til greiðslu á húsaleigu og þátttöku í öðrum kostnaði sem leiða myndi af þessari starfsemi. Menningarmiðstöð af þessum toga gæti verið mót-vægi við Gerðuberg. Þá er ég ekki að taka um samkeppni heldur myndi hver gegna sínu hlutverki og það myndi styrkja heildina og efla ásýnd þessa miðsvæðis.



DJ í Fellahelli á árum áður. Magnús segist hafa lagt grunninn að ævistarfinu þar.

Að skapa eitt stórt Breiðholt

„Hver er framtíðin í Breiðholtiinu spyrð þú. Hún er björt að því gefnu að okkur takist að byggja upp samnefnara fyrir hverfið. Einn vandi Breiðholtsins og ekki síst okkar hér í Fellahverfinu er sá að þjónustan er alltaf að dragast saman. Hún er næstum því að deyta út. Fólk á ekki að þurfa að fara í bílum út úr hverfinu til þess að sækja nauðsynlega þjónustu. Við verðum að koma lífi í þjónustukjarnana á ný. Til þess þarf eldhuga. Pólska búðin er dæmi um hvað hægt er að gera. Borgin verður að koma með íbúunum

að skera upp herör gegn því að þjónustan hverfi. Í því gæti falist að flytja eitthvað af stofnunum hennar eða þjónustu í þjónustukjarnana í Breiðholti. Ég er viss um að einstaklingar kæmu á eftir og efndu til einhvers starfsemi. Við erum með ungmennaráð á vegum frístundamiðstöðvarinnar en ég myndi vilja sjá skólana taka markvissari þátt í því að mynda samstöðu og hugsa um Breiðholtið sem eina held. Eitt stórt og lítríkt samfélag. Ég veit að eitt og annað hefur verið gert en meira þarf til. Ég held að það verkefni sé framundan að stofna samræðuvettvang þar sem við getum skap- að eitt stórt Breiðholt.“

ÍR og Leikni í eitt stórt og öflugt íþróttafélag Breiðholts. Þyngra er en tárur taki fyrir mig grjótharðan Leiknismanninn að viðurkenna þá staðreynd að gamla íþróttafélagapólitíkin hefur runnið sitt skeið á enda. Íþróttafélögin þurfa að ala upp sitt íþróttafólk í sinni heimabyggð. Það er ekki nóg að taka upp veskið og kaupa leikmenn. Íþróttastarfsemi felst í



Með Leikni í Færeyjaferð.

Leiðrétting

Í viðtali við Bjarghildi Jósefsdóttur í síðasta tölublaði Breiðholtsblaðsins misritaðist heimilisfang hennar en hið rétta er að hún býr í Brekkuseli 17. Þá misritaðist einnig nafn eiginkonu séra Valgeirs Ástráðssonar en hún heitir Aðalheiður Hjartardóttir. Eru hlutaðeigandi beðnir velvirðingar á þessari för prentvillupúkans um síður blaðsins.

LITLA DÓTABÚÐIN

**198,-
139,-**

**198,-
139,-**

**350,-
245,-**

**650,-
455,-**

**1490,-
1043,-**

**1550,-
1085,-**

Fata + Skófla + Hrífa NÚ 245,- kr
Vatnsblöðrur NÚ 139,- kr
Flugdrekar NÚ 245,- kr
Stórar skóflur NÚ 224,- kr
Sundgleraugu NÚ 279,- kr
OG FLEIRA OG FLEIRA
Sjón er sögu ríkari

**Útsala á sumarleikföngum
18.Júlí-3.Ágúst**

-30%

vinsælustu töskurnar í bænum
-15% af gamla góða verðinu
ALLTAF GÓÐ VERÐ

**1100,-
770,-**

**Góð verð
Góð og persónuleg þjónusta**

LITLA DÓTABÚÐIN
Álfabakka 12 (göngugötunni í Mjódd)
Sími: ☎ 571 9559

Stórar veggmyndir á gafla í Efra Breiðholti



Samsett mynd af fyrirhuguðu verki Söru Riel á Asparfell 2 til 12.

Ákveðið hefur verið að gera stórar veggmyndir á gafla hárra fjölbýlishúsa í Efra-Breiðholti. Myndirnar eru hluti af tveggja ára verkefni sem Listasafn Reykjavíkur hefur umsjón með. Listakonurnar Sara Riel og Theresa Himmer voru valdar í vor til að þróa tillögurnar. Þriðji listamaðurinn verður valinn næsta sumar til að bæta þriðju myndinni við.

Borgarráð samþykkti í febrúar tillögu borgarstjóra um að ráðist verði í átak í að fjölgja listaverkum í opinberu rými í Breiðholti. Í framhaldinu efndi Listasafn Reykjavíkur til lokaðrar samkeppni um val á listamönnum. Sara Riel mun gera veggmynd fyrir Asparfell 2-12. Um er að ræða mynd sem hefur útlínur fjöður en þegar nánar er að gáð er myndin samsett af fuglum. Tillagan var samþykkt einróma á félagsfundi í Húsfélagi Asparfells í byrjun júní. Theresa Himmer mun gera mynd fyrir Jórufell 2-12. Steypusýni úr veggnum bak-

við klæðningu hússins verða ljósmynduð í gegnum smásjá og prentuð á klæðninguna með tækni svipaðri silkiprykki. Við stækkunina taka steypuagnirnar á sig fullkomlega óhlutbundin form þannig að erfitt er að ráða í mælikvarðann. Þetta gætu verið loftsteinar, malargrjót eða plánetur.

Verkefnið kemur til af áhuga borgarstjóra á að gefa borgarbúum tækifæri á að njóta myndlistar í sínu daglega lífi. Í tillögu sinni fyrir borgarráð sagði borgarstjóri: „Listaverk í opinberu rými geta haft mjög jákvæð áhrif á umhverfið, fegrað það, vakið umræðu og skapað almennan áhuga á myndlist.“ Dórnafndin valdi listakonurnar Söru Riel og Theresu Himmer fyrir verkefnið. Báðar hafa mikla reynslu af sambærilegum verkefnum bæði hérlendis og erlendis og hafa sýnt færni við skipulag og framkvæmd þeirra sem er mikilvægt þegar um er að ræða vinnu af þessari stærðargráðu.

Fellafest - Vinnustofur í ágúst



Tanya Pollock, Tómas Magnússon og Örn Tönsberg úr Fellahópnum.

Blásið var til veislu í Fellagörðum í Breiðholti 15. júní sl. undir nafninu Fellafest. Meðal þess sem fór fram var kynning á starfsemi Fellagarðshópsins en þar er á ferðinni sami hópurinn og sá um uppbyggingu á Hjartagarðinum á milli Laugavegar og Hverfisgötu á liðnu ári og ætlar að lifga upp á Breiðholt í sumar. Á hverfahátíðinni Fellafest 15. júní sl. var rekin listsmiðja, þar sem börn og foreldrar gátu komið hugmyndum sínum um bætt hverfi á framfæri. Ágæt aðsókn var að viðburðinum og veruleg breyting varð á ásýnd svæðisins til hins betra.

Hópurinn hefur hreiðrað um sig í Eddufelli við hliðina á Wilson pizza og ætlar að lifga upp á Breiðholti í sumar. Opið hús verður hjá þeim á Fellafest og þau

kalla eftir virkri þátttöku íbúa við að byggja upp svæðið. Á meðal þess sem í boði verður er lifandi tónlist, hugmyndakassi, tiltekta arátak verður í gangi, grill og myndlistarsýning. Allir sem hafa áhuga á uppbyggingu og februn Fellagarða fá þarna kjörið tækifæri til að taka þátt, koma með hugmyndir um hvað það vill sjá á svæðinu og hvað það getur sjálft gert til að bæta Fellahverfið. En hvað kom til að hópurinn færði sig yfir í Breiðholtið. Eftir að hafa starfað í miðborginni kviknaði hugmynd um að færa þetta verkefni til og reyna það á öðrum stað. Hópurinn hafði samband við Einar Örn Benediktsson borgarfulltrúa og upp úr því þróaðist hugmyndin að fara í Breiðholtið. Ágæt aðstaða er í Eddufellinu og umhverfið kerfjandi. Þau Tanya

Pollock og Örn Tönsberg félagar í Hjartagarðshópnum sem núna má kalla Eddufellshóp segja að í ágúst sé ætlunin að vera með vinnustofur „workshop“ í Eddufellinu þar sem boðið verður upp á aðstoðu til ýmissa verkefna. Ýmsar hugmyndir hafi vaknað sem unnið verði úr. Fyrsti viðburðurinn hafi tekist mjög vel. Fjöldi gesta kom á svæðið, þar á meðal Jón Gnarr borgarstjóri, sem kíkt í Fellagarðana þennan dag. Gestir gátu tekið þátt í þrifum, komið hugmyndum á framfæri, fengið sér grillaðar pylsur, hlýtt á tónlist og horft á danssýningu svo fátt eitt sé nefnt. „Við biðum spennt eftir að sjá hvernig tekst til í ágúst. Ef viðtökurnar verða svipaðar og á fyrsta viðburðinum þurfum við engu að kvíða,“ segja þau Tanya og Örn.

Gjaldfrjálsar nettengingar í Breiðholti

Komið hefur verið upp gjaldfrjálsu stöðum vegna nettenginga eða svokölluðum heitum reitum í Breiðholti undanfarna mánuði, nú síðast í Fellagörðum.

Á þessum reitum er hægt að ná nettengingu t.d. fyrir lesspjald, snjallsíma og tölvu. Uppsetningin er í tengslum við hverfisverkefnið í Breiðholti. Síðastlið-

inn vetur var settur upp reitur í Félagsmiðstöðinni Árskógum 4, í janúar voru settir upp heitir reitir í göngugötunni í Mjódd fyrir utan Þjónustumiðstöð Breiðholts og við Markúsartorg í námunda við Gerðuberg og Miðberg og svo núna í júní í Fellagörðum. Þjónustan er ókeypis fyrir alla sem vilja nota hana.

Ræstingar / Teppahreinsun
Steinteppahreinsun / Bónvinna
Meðhöndlun Náttútusteins
Hreingerningar / Flutningsþrif
Húsfélagþjónusta ofl.

Ræsting og Ráðgjöf ehf
Aihliða hreingerningarþjónusta
S. 519 7500 • 770 4630



HÖFUM OPNAÐ HEILSUHOF Á SELTJARNARNESI

Suðurströnd 10 (fyrir neðan sundlaugina)



Systrasamlagið er kaffihús og verslun sem nærir líkama og sál.

Virka daga	Opið	8 - 18
Laugardaga		10 - 16
Sunnudaga		12 - 16

www.facebook.com/Systrasamlagid

Bekkirnir fá ekki að vera í friði

Nokkuð hefur borið á því að bekkir sem komið hefur verið fyrir við göngustíga í Breiðholti séu skemmdir og jafnvel rifnir upp. Einkum hafa tveir bekkir orðið fyrir barðinu á skemmdarvörgum. Annar þeirra er við stíginn sem liggur ofan úr Vesturberginu og niður í Arnarbakkann en hinn er við göngustíg sem liggur frá Shellstöðinni við Asparfell niður með Breiðholtsbrautinni og í gegnum undirgöng yfir í Seljahverfið.

Ísak Möller stöðvarstjóri hverfastöðvar Breiðholts og Árbæjar segir bagalegt að þessir bekkir skuli ekki fá að vera í friði. Fólk vilji gjarnan geta sest niður á göngu, tekið sér hvíld og notið góðviðris þegar því sé til að dreifa. Þá fylgi nokkur kostnaður því að þurfa að gera við bekkina og koma þeim fyrir á ný. Sá

kostnaður geti hlaupið á nokkrum tugum þúsunda í hverju tilviki. Hann segir að bekkurinn ofan Arnarbakkans hafi oftast orðið fyrir skemmdum og gripið hafi verið til þess ráðs að setja þyngri steypuklumpa undir hann í þeirri von að fólk leggi síður í að rífa hann upp. Bekkurinn neðan Shellstöðvarinnar hefur einnig orðið fyrir skemmdum öðru hvoru. Ísak segir krakka tæpast geta verið að verki því til þess séu bekkirnir bæði of þyngir og nokkuð vel festir við jörðina. Erfitt sé að átta sig á skemmdafýsni af þessu tagi en mikilvægt að upplýsa íbúa hverfisins um þær skemmdir sem unnar eru í hverfinu og þann kostnað sem af því fellst fyrir borgina.



Þessi bekkur sem er við göngustíg neðan Shellstöðvarinnar hefur nokkrum sinnum orðið fyrir barði skemmdarvarga. Nýr bekkur var settur upp á dögnum og þegar er búið að krotta nokkuð á hann. Þarna hafa systurnar Elisabet Maria og Hildur Ana Eypórsdætur tyllt sér á bekkinn á gönguför um Breiðholtið.

www.breidholt.is



Viðskiptatengsl eru okkar fag

Sími: 537-9988 • Bíldshöfða 14 • 110 Reykjavík
www.vtfasteignir.is



Kristinn Tómasson
Lögg. fasteignasali
820-6797

Hafðu samband

S: 537-9988

VT Fasteignir óska eftir öllum tegundum eigna til sölu/leigu í þínu hverfi.

Hefur eignin þín ekki selst?

- Ekki hika við að hafa samband.

Höfum ákveðna kaupendur að eftirtöldum tegundum eigna:

- Sérbyli í pósthúsi 109
- Sérbyli með aukaíbúð í pósthúsi 109
- 2-4ra herbergja íbúðum í Bakka-, Hóla- og Seljahverfi.

Einnig höfum við kaupendur á skrá sem óska eftir makaskiptum í hverfinu þínu.

Frítt verðmat við sölu, sanngjörn sölubóknun.



Breiðholtsbúar: Ökuskólinn í hverfinu ykkar.
Auk hefðbundins réttindanáms bíður Ökuskólinn í Mjódd
upp á eftirfarandi fjölda námskeiða m.a.

- Ætlar þú að fara með ökunema í æfingaakstur?
Við bjóðum upp á sérstakt leiðbeinendanámskeið vegna æfingaaksturs á tveggja vikna fresti.
- Þarf þú að bæta þekkingu þína á nýjungum í umferðinni?
Bjóðum upp á bæði fræðilega og verklega þjálfun.
- Bóklegt námskeið fyrir bifhjól (stór).
- Bóklegt námskeið fyrir létt bifhjól (skellinöðrur).
- Nýjung ökuhermar notaðir við alla bifhjólakennslu.
- Fagmennska í fararbroddi.



Upplýsingar og innritun í síma 567 0300. Ópið 10-17 alla daga.

Kaffi Markús og viðburðir á Markúsartorgi

Á Markúsartorgi við Gerðuberg hefur að undanförmu mátt sjá hóp af ungu fólki að athafnast. Þar er á ferð torghópur Miðbergs sem hefur það stefnumarkmið eitt að gera eitthvað skemmtilegt í tengslum við torgið í sumar. Markúsartorg er fallegt torg með mikla möguleika og á skilið að sýna það með líflegri hætti.

Fyrsta verkefni torghópsins var einfalt en mikilvægt. Hópurinn byrjaði á því að reyta í burtu arfann af Markúsartorgi, sópa og taka þar aðeins til. Næsta skref var eilítið stærra og fól í sér að opna lítið krúttlegt sumarkaffihús í húsnæði Miðbergs að Gerðubergi 1. Kaffihúsið fékk nafnið Kaffi Markús með augljósri tengingu við torg-

ið sjálft. Á Kaffi Markús er að finna léttar veitingar á mjög viðráðanlegu verði. Þar má helst nefna hádegismatur sem er borin fram milli 11:30 til 14:00, súpa og brauð á 400 krónur mánudaga til miðvikudaga, pylsur og mjólkurhristingur á fimmtudögum og svo hamborgari og mjólkurhristingur á föstudögum á litlar 500 krónur. En einnig eru kökur á staðnum sem og vöflur ýmist borið fram með rjóma eða vanilluís.

Viðburðir úti sem inni

En Kaffi Markús er ekki aðeins ætlað að bjóða upp á ódýrar veitingar eða stað til að drekka kaffi, það á að lífga upp á Markúsartorg og halda utan um ýmsa viðburði.

Fyrst um sinn hefur Kaffi Markús verið að bjóða upp á andlitsmálningu alla föstudaga en einnig er stefnt á að vera með bingó á hverjum föstudegi þar sem spjöldin eru ódýr en vinningarnir fjölbreyttir og skemmtilegir. Ekki er þó ætlað að láta þar staðar numið, aðrir viðburðir eru í þróun og skipulagningu og verða þeir auglýstir þegar við á. Þegar vel viðrar förum við út á torg með sófa, stóla og borð þar sem fólk getur notið þess að sitja í sólinni. Þegar veður leyfir eru viðburðirnir haldnir úti á torgi en það er þó ósköp gott að geta hlaupið inn í skjól á kaffihúsið. Þó svo að vissulega séu viðburðirnir að miklu leiti miðaðir að Breiðhyllingum þá eru allir velkomnir að vera með og taka þátt.

Nefnt eftir Markúsi Erni

Markúsartorg á sér sína sögu en í upphafi var því ætlað að vera hálfgerður hluti af aðalinngangi Gerðubergs sem stendur

við torgið. Þar átti að vera hægt að vera með útilistasýningar á færanlegum úti-veggjum og gert var ráð fyrir mögulegum áhorfendapóllum í tröppunum á torginu ef kæmi til stærri sýninga. Markúsartorg var formlega opnað 1991 þegar Markús Örn Antonsson þáverandi borgarstjóri afhjúpaði skúlptúr eftir Sigurð Guðmundsson sem stendur á torginu. Ljóst er að hugmyndir um torgið voru líflegar og því ætlað að vera fjölfarin staður. Á einhverjum tímamarki týndist þó torgið og hefur það verið að vinna að því að veita Markúsartorgi möguleika á að fylla upp í þá hugmynd sem það var byggt upp með til að byrja með. Aðstandendur verkefnisins segja það mikilvægan þátt í breyta ímynd Breiðholtsins sem mikið sé kallað eftir nú og gaman að sjá hvað borgarfulltrúar séu duglegir að svara og taka þátt í umræðum um Breiðholtið, ímynd þess og framtíð.



Næsta skref fól í sér að opna lítið krúttlegt sumarkaffihús Kaffi Markús í húsnæði Miðbergs að Gerðubergi 1.



Þegar veður leyfir eru viðburðirnir haldnir úti á torgi enda nóg pláss á víðfemu torginu.



Þegar vel viðrar er með sófa, stóla og borð út á torg þar sem fólk getur notið þess að sitja í sólinni.



Mósaekborðplata og leðursófar á Kaffi Markús.

 Landsvirkjun

Bíltúr á Búrfell

Gagnvirka orkusýningin í Búrfellsstöð við Þjórsá er skemmtileg og lærdómsrík fyrir fólk á öllum aldri. Akstur frá Reykjavík tekur aðeins um eina og hálf klukkustund og við erum alltaf með heitt á könnunni. Skammt fyrir norðan stöðina standa vindmyllur Landsvirkjunar, þær fyrstu sinnar gerðar á Íslandi. Alla laugardaga í júlí tekur starfsfólk á mót gestum við vindmyllurnar kl. 13-17.

Gestastofur Landsvirkjunar eru opnar frá kl. 10-17 alla daga í allt sumar:

Búrfellsstöð

Gagnvirk orkusýning og vindmyllur á Hafinu
Kröflustöð
Jarðvarmasýning í gestastofu

Fljótsdalsstöð

Gestastofa í Végarði og leiðsögn um Kárahnjúka mið. og lau. frá kl. 14-17. Nánari upplýsingar á www.landsvirkjun.is/heimsoknir

Saga Breiðholtsins annar hluti:

Bæjarsjóður kaupir Breiðholt 1906

Ef beygt er til hægri af Breiðholtsbraut inn á Stekkjarbakka eru rústir síðasta Breiðholtsbæjarins ekki langt undan. Litlar heimildir eru til um fyrstu byggð í Breiðholti, en getum hefur verið að því leitt að mjög fljótlega eftir landnám, jafnvel á 10. og 11. öld, hafi nokkrar hliðarjarðir risið í landareign Ingólfs landnámsmanns til að nýta þau hlunnindi sem viðkomandi jarðir gáfu af sér. Í Breiðholti hefur þá verið nytjaður skógurinn sem þar var þá. Aðrar slíkar jarðir voru t.d. (Seltjarnar-) Nes, Laugarnes, (Elliða-) Vatn, Vatnsendi og Kleppur og eftir 1300 einnig (Fífu-) Hvammur (sem um tíma hét Hvammkot) og svo Digranes. Í Þorlákssögu helga er getið um bæ og kirkju í Breiðholti árið 1325 og árið 1395 er jörðin komin í eigu konungs við síðaskiptin 1550.

Árið 1898 keypti breskur maður, Mr. Payne að nafni, jörðina Breiðholt fyrir 10.500, krónur sem þá þótti mjög hátt verð. Til samanburðar hafði Reykjavíkurbær keypt tvær jarðir árið 1885 fyrir 10.200,- krónur. Það voru jarðirnar Laugarnes og Kleppur. Árið 1906 keypti svo bæjarsjóður í Reykjavík jörðina Breiðholt af Mr. Payne ásamt jörðunum Árbæ, Ártúni og Elliðaám. Aðalforsendan var bygging vatnsveitu fyrir Reykjavíkurbær.

40 kyr og 70 hænur

Hlaða og fjós síðasta Breiðholtsbóndans var þar sem Gróðrarstöðin Alaska var starfrækt. Eigandi Alaska, Jón H. Björnsson, landslagsarkitekt, keypti 18 hektara lands með erfðafesturétti árið 1960 og voru þá 40 kyr í fjósinu og 70 hænur í skemmu rétt fyrir ofan. Jón starfrækti teiknistofu í húsi sem hann byggði áfast við gömlu hlöðuna. Með nýrri byggð í Seljahverfi sagði borgin erfðafestusamningnum upp. Það var 1971, en árið 1977 var ákveðið að stærð gróðrarstöðvarinnar skyldi vera tveir hektarar og gert var ráð fyrir einbýlishúsi innan þess svæðis, en nákvæm staðsetning þess ekki ákveðin. Þegar Jón hugðist byggja einbýlishúsið töldu nágrannar hans að húsið myndi raska fornminjum á þessum stað auk þess að skyggja á útsýni til Esjunnar, séð frá þeirra húsum. Þeir fóru þess á leit að einbýlishús Jóns yrði lækkað um 90 sm. Jón hélt þá borgarafund

við rústir gamla Breiðholtsbæjarins sem var innan hans lóðarmarka eða rétt ofan við væntanlegt einbýlishús hans.

Minjar eyðilagðar

Á fundinum greindi Jón frá staðsetningu gamla Breiðholtsbæjarins og þeim fornminjum sem hugsanlega gætu leynst í jörðu í næsta nágrenni. Ofan við sjálfan bæinn var Kirkjuhóll þar sem kirkjan í Breiðholti hefur staðið og mjög sennilega kirkjugarður því að bóndinn sem bjó í Breiðholti til ársins 1936 hafði fundið mannabein rétt hjá gamla kirkjustæðinu, en grafið þau aftur á sama stað. Önnur hús sem þarna voru áður voru t.d. hesthús, taðkofi, skemma og einnig kartöflugarður. Frá sjálfum bænum lágu traðir niður að hellulögðu vaði sem var á Kópavogslæknum sem á upptök sín ofar í holtinu. Traðirnar lágu í átt að Hvammkoti, síðar Fífuhvammur, þar sem langafi Jóns, Björn að nafni, bjó á 19. öld. Við nánari athugun kom í ljós að þegar nágrannar hans voru að byggja sín hús og garða umhverfis þau höfðu þeir, sennilega óafvitað, rutt burt gömlu tröðunum. Einnig höfðu borgarstafsmenn grafið fyrir leiðslum og gangstíg og eyðilagt minjar um kofa og fjós. Árið 1981 var hluti þessa svæðis friðlýstur.

Jón greindi einnig frá því að langafi hans sem bjó í Hvammkoti hafi átt kirkjusókn í Breiðholti. Eitt sinn voru þrjú börn hans að koma heim frá kirkju og fóru yfir fyrrgreint vað á læknum. Í vorleysingum gat stundum vaxið snögglega í læknum og hann orðið hættulegur yfirferðar. Það gerðist einmitt í þetta sinn svo að tvö systkinin drukkuðu. Matthías Jochumsson orti minningarljóð um þennan athurð, Börnin í Hvammkoti.

Lítill sundlaug

Guðrún Jónsdóttir sem er á níræðisaldri hefur stærkar taugar til Breiðholts enda ólst hún upp í gamla Breiðholtsbænum og flutti þaðan árið 1936. Faðir hennar hefur mjög sennilega verið síðasti ábúandinn þar, en bæinn var rifinn kringum 1940. Það var hann sem fann mannabein í gamla kirkjugarðinum við kirkjunna. Hann bjó einnig til litla sundlaug með því að hlaða í kringum volgrur sem þarna eru. Þar lærðu



Hér má sjá ummerki um Breiðholtsbæinn neðst í Seljaherfinu.

dætur hans að synda. Systurnar fóru einnig með rjóma, smjör og skyr (og stundum mjólk) gangandi yfir Kópavogsholtið alla leið til Reykjavíkur til þeirra sem höfðu pantað þessar afurðir hjá föður þeirra. Þær gengu á íslenskum skóm, en sjaldan var farið á hestum. Ferðin tók heilan dag, fram og til baka.

Birgisbraut eftir Birgi Ísleifi

Mörg örnefni mætti telja upp í Breiðholtshverfunum, en aðeins örfá þeirra verða nefnd hér til viðbótar. Þrætuengi var t.d. kallaður ákveðinn staður þar sem nú er Norður-Mjódd, Móholt þar sem nú standa fjölbýlishúsin í Bakka- og Stekkjahverfi, Fálkhóll milli núverandi Fífusels og Dalsels og Grænagróf á svæðinu frá Keilufelli í Fellahverfi niður að Skeiðvellinum. Að norðanverðu, niðurundan Rituhólum í Hólahverfi, við Vatnsendaveg meðfram Elliðaánum var bær sem kallaðist Eddubær. Húsfreyjan þar málaði í tómsundum og hélt málverkasýningu í Eddubæ einhvern tíma á sjöunda áratugnum áður en byggðin reis í holtinu fyrir ofan. Myndefnið var bæði blóm og útsýnið frá bæjarhlaðinu til borgarinnar. Neðst í brekkunni, nokkru vestar, rétt hjá stíflunni, er Draugaklettur. Einnig hafa orðið til ný örnefni sem líka eiga sína sögu og skýringar. Gatan sem liggur frá Höfðabakkabru upp í

Fella- og Hólahverfi er kölluð Birgisbraut, enda lögð í borgarstjóratið Birgis Ísleifs Gunnarssonar. Í Elliðaárdalnum heitir ákveðið gil Indíanagil, en þar hafa börn úr Breiðholtshverfunum leikið sér í Indíanaleik.

Tregðast við að flytja úr Breiðholti

Þannig á hvert örnefni sína sögu, bæði úr fortíð og nútíð. Kannski mun Harry Potter galdrá eithvert nýtt örnefni í borginni, annað hvort í Breiðholti eða annars staðar. Enda þótt margir frumbýlingar í Breiðholti séu nú rúmlega 30 árum eldri en þegar þeir fluttu þangað fyrst tregast þeir við að flytja þaðan þótt aldurinn færast yfir og hafa sumir þegar notfært sér íbúðir fyrir aldraða í sínu hverfi. Börnin þeirra kaupa svo „ættaróðalið“ því þau vilja líka búa áfram í


Breiðholti og ala sín börn upp þar. Hin neikvæða ímynd sem Breiðholtið hafði á sér í fyrstu er ekki lengur neikvæð, en hefur ef til vill flust á önnur yngri hverfi. Íbúarnir í Breiðholti hafa að vísu átt þar bæði sorgar- og gleðistundir eins og íbúar annarra hverfa og landshluta, en góðu endurminningarnar hafa yfirhöndina sem segir sína sögu um bæði skipulagið og mannlífið í Breiðholti.

Heimildir:
BYGGT YFIR HUGSJÓNIR, BREIÐHOLT, FRÁ HUGMYND AÐ VERULEIKA, Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhús, febrúar – maí 2002.

Breiðholtsblaðið mun áfram birta nokkra pistla til fróðleiks um sögu Breiðholtsins í samvinnu við þjónustumiðstöð Breiðholts.

APENA
HÁRSNYRTISTOFA

Pangbakka 10 (MJÓDD) • Sími: 557-2053



Kjöraðstæður til raforkuvinnslu

28 m/s

34 m/s – raforkuframleiðsla stöðvast

Classic Tattoo Reykjavík opnar við Arnarbakka



Tattoostofan er við Arnarbakkann við hliðina á Gallerí Grjóti.

Páll Ásgeirsson hefur opnaði tattoostofu við Arnarbakkann í Breiðholti en hann hefur verið starfandi í Gautaborg síðustu fjögur árin kveðst nú fluttur aftur heim. Stofan nefnist Classic Tattoo Reykjavík og er við hliðina á Gallerí grjóti í þjónustukjarnanaum innst við Arnarbakkann. Páll segist hafa farið að leita eftir húsnæði fyrir stofuna fljótlega eftir heimkomu sína. „Ég fann ekkert sem hentaði eða að ég réði við í 101-um og ákvað þá að stækka leitarhringinn og fann þá þetta húsnæði.“

„Það sérkennilegasta við þetta er að ég þurfti endilega að enda fyrir framan blokkina sem ég bjó í frá átta til ellefu ára. Ég hafði ekki komið þangað sem stofan er í 30 ár en þar sem mér bauðst húsnæði undir reksturinn á gömlum bernskuslóðum. Það gjörsamlega bræddi mig“ segir Páll í samtali við Breiðholtsblaðið. Hann segir Tattoo stofuna bjóða þá nýjung að aðeins sé opið fyrir viðskiptavinum að koma og hitta tattoolista-manninn til að fá ráðgjöf um myndir og svör við fyrirspunum milli kl. 12:00 og 13:00 og 18:00 og 19:00 mánudaga til föstudaga. „Þetta fyrirkomulag skapar vinnufrið fyrir mig og þá sem til mín koma. Þá er fólk ekki að koma hvenær sem er yfir daginn og viðskiptavinum er tryggt að húðflúrari sé ekki upptekinn af að svara í síma eða sinna öðrum viðskiptavinum þegar hann er



Húðflúrmyndir eru ýmist hannaðar á staðnum eftir ósk hvers og eins eða fengnar úr stóru og fjölbreyttu myndefni sem stofan hefur úr að velja.

að störfum. Ég veit að nokkrar nýjar stofur erlendis eru farnar að hafa svona opnunartíma til að tryggja sem besta þjónustu handa öllum.“ Páll segir að húðflúrmyndir séu hannaðar á staðnum eftir ósk hvers og eins en stofan hafi líka úr stóru og fjölbreyttu myndefni úr að velja. „Stefna Classic Tattoo Reykjavík er að bjóða besta verð bæjarins og næg bílastæði eru við stofuna. Það geta Húðflúrstofurnar í 101 ekki boðið uppá,“ segir Páll og kveðst vera mjög sáttur að vera kominn á fornar slóðir í Breiðholti.“

Sumarfrístund í Hraunheimum

Í sumar hefur verið starfrækt sumarfrístund í Hraunheimum fyrir börn úr 3. og 4. bekk. Þetta er í fyrsta skipti sem sérstök sumarfrístund er starfrækt í Breiðholti fyrir þennan aldershóp. Krakkarnir hafa verið að fást við hin ýmsu viðfangsefni. Hverfið okkar var viðfangsefni krakkanna í fyrstu vikunni og þá fóru börnin um hverfið og prufuðu hin ýmsu leiksvæði og opin svæði í hverfinu.

Börnin voru vopnuð myndavél og tóku myndir og skrásettu hvað mætti betur fara og hverju

þeim fannst mega bæta við. Einnig feguðu þau lóðina við Hraunheima með blómum og fleiru. Í lok vikunnar kom svo Óskar Dýrmondur hverfisstjóri Breiðholts í heimsókn til þeirra og þau kynntu fyrir honum hvað þeim fannst betur mega fara. Þetta verkefni heppnaðist mjög vel hjá þeim og það var virkilega gaman að sjá hvað þau höfðu sterkar skoðanir á því hvernig hverfið þeirra ætti að vera. Ein vikan var svo Ævintýravika og á meðal þess sem við gerðum þá var að fara í ævintýraferð á Elliðaárvatn. Börnin gengu

fá Hraunheimum og alla leið uppá Elliðaavatn þar sem við fengum að nýta aðstöðu sem Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu hefur til afnota sem útivistarsvæði fyrir fatlaða. Við fengum að nýta úti-svæðið þeirra þar sem við veiddum í vatninu með háfum, fórum í leiki og svo poppuðum við yfir eldi. Við vorum mjög heppin með veður og var þetta sannkölluð ævintýraferð. Frístundaheimilið Hraunheimar er núna komið í sumarfrí en við byrjum aftur með spennandi dagskrá þann 12. ágúst næstkomandi.



Glaðir krakkar í Hraunheimum.



Á gönguför um Breiðholtið.

Einkarekið apótek

Lágt lyfjaverð - góð þjónusta



GARÐS
APÓTEK
- rétt leið

Sogavegi við Réttarholtsveg

Opið kl. 9-18 virka daga • Sími 5680990 • www.gardsapotek.is

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími: 511 1188 & 895 8298

borgarblod@simnet.is

www.breiðholt.is

Edda Þorkelsdóttir skrifar:

Síðustu bændur í Breiðholti

Föðurfóreltrar mínir, Þorleifur Jónsson og Jóhanna Ólafsdóttir voru, ásamt uppkomnum börnum sínum, ábúendur í Breiðholti frá fardögum á árinu 1936. Var Guðmundur sonur þeirra skrifaður fyrir búinu þar sem foreldrar hans voru komnir á efri ár. Sum börn þeirra voru til heimilis í Breiðholti að meira og minna leyti fyrstu árin og unnu þau á búinu en önnur bjuggu og unnu í Reykjavík.

Þau voru í aldursröð: Guðmundur fæddur 1901, Þorkell fæddur 1907, Kristján fæddur 1909, Jón fæddur 1910, Sólveig fædd 1912 Jóhanna fædd 1914 og Kristín fædd 1917. Í dag er Kristín ein á lífi af þessum systkinahóp, hress og minnug og hefur góðfúslega sagt undirritaðri ýmislegt frá gamla tímanum. Auk þess áttu hjónin uppeldisdótturina Þorgerði Hönnu Haraldsdóttur fædda 1926.

Allt byggt upp

Í búskapartíð þessarar fjölskyldu var bærinn húsaður algjörlega upp á nýtt. Byggt var íbúðarhús úr timbri og múrhúðað, en fyrstu misserin hafðist fólkið við í gamla bænum. Ennfremur var þar byggt fjós og hlaða og voru þær byggingar allar í notkun eftir 1960 á meðan Gróðrarstöðin Alaska hafði þarna ræktun og blómabúð var rekin fram yfir 1990. Íbúðarhúsið stendur ennþá, er í notkun og hefur nú verið klætt að utan með lóðréttri viðarklæðningu. Tún voru einnig stækkuð og rektarland þannig aukið. Búskapur



Guðmundur Þorleifsson síðastur bænda í Breiðholti.

var nokkuð nútímalegur á þeirra tíma mælikvarða, var til dæmis mjólkað með mjaltavél eftir að rafmagn komst á um 1950. Mjólkin var seld til Mjólkurstöðvarinnar í Reykjavík, innst á Laugavegi og fór Guðmundur með hana þangað daglega á jeppa sem hann keypti í stríðslok, en áður var notast við hestvagn. Mjög var gestkvæmt í Breiðholti á þessum árum jafnvel þótt samgöngur hafi verið erfiðar og ekki hafi verið lagður bílfær vegur yfir holtið frá Vatnsendaveginum fyrr en jeppabílfreiðin kom á heimilið.

Vatnið mátulegt til að svamla í

Gaman er að segja frá volgu lauginni sem var skammt frá íbúðarhúsinu, eða í u.þ.b. 100

metra fjarlægð. Hún var notuð til þvotta og til baða. Laugin var hlaðin úr steini og var gegnumrennsli í henni sem hélt henni hreinni en samt sem áður var hún tæmd reglulega til að þvo hana og skrúbba. Ég hef heyrt að ekki hafi þótt taka því að halda henni við eftir að byggingar fóru af stað á þessu svæði því að vatnið í henni mældist ekki nógu heitt. Það var rétt mátulega volgt til að svamla í. Fyrir 1960 kannaði Hitaveita Reykjavíkur hvort heita vatnið væri nýtanlegt en svo reyndist ekki vera. Við þessar framkvæmdir spilltist svæðið umhverfis lagina og þar með voru dagar hennar taldir.

Bjuggu í 24 ára á bænum

Vegna heilsubreysts hætti Guðmundur Þorleifsson búskap í Breiðholti árið 1958, flutti niður í bæinn og leigði húsin með allri áhöfn manni sem Ari hét og var Þorleifsson, ættaður af Norðfirði en alls óskyldur fjölskyldunni í Breiðholti. Landið var hinsvegar alltaf í eigu Reykjavíkurborgar, svokallað erfðafestuland. Eftir lát Guðmundar árið 1960 voru húsin seld Jóni Björnssyni í Alaska sem mun hafa byggt þar gróðurhús og hefur þá ef til vill að einhverju leyti getað notað volgu lagina, en hefðbundinn búskapur lagðist þar með af í Breiðholti. Af ofanrituðu sést að þessi fjölskylda átti heima eða hafði yfirráð yfir Breiðholti frá árinu 1936 til 1960 eða samtals í 24 ár og voru því síðustu bændur á staðnum.

ÚTSALAN
í fullum gangi
Mikil verðlækkun

Verið velkomnar

Fröken Júlía

Mjódd - S. 557 5900

Breiðholtsblaðið

www.borgarblod.is

Matur og vín:

Uppskrift mánaðarins

Heimatilbúinn grillborgari

Aðalréttur fyrir fjóra.

800 gr ungnautahakk
3 tsk hvítlauksduft
3 tsk paprikuduft
2 tsk timjan (þurrkað)
2-3 msk worchestersósa
4 stk rösti kartöflur
beikonsmurostur
kál (t.d. iceberg/jöklasalat)
tómatar
súrar gúrkur
tómatsósa
Kofoed's sinnep
wasabi mayonnaise
4 hamborgarabrauð

AÐFERÐ:

Blandið öllum þurrkryddunum saman við hakknið ásamt worchestersósunni og skiptið í fjóra 200 gr. Hamborgara. Grillið borgarana og rösti kartöfluna og smyrjið beikonostinum á í lokin. Raðið svo hamborgurinum saman. Athugið að áleggjið og sósur sem nefndar eru í uppskriftinni eru einvörðungu hugmynd því hægt er að setja hvað sem hugurinn girnist á hamborgarana. Þennan rétt er gott að bera fram með sætkartöflutrönskum.

Þessar tvær vintegundir henta einstaklega vel með þessum rétti.



Mamma Piccini – Ítalía
– Toskana

1.550 kr

Kirsuberjarautt, meðalfylling, þurrt, ferskt, miðlungstannín. Skógar ber, lyng, vanilla.

Gato Negro Cabernet
Sauvignon - Chile

1.480 kr

Rúbinrautt. Létt fylling, þurrt, mild sýra, mild tannín. Sætkennur rauður ávöxtur, berjaríkt.

Uppskrift mánaðarins

Höfundur uppskriftar mánaðarins er Daniel Pétur Baldursson matreiðslumaður og kjötmeistari Nóatúns. Daniel lærði til matreiðslumanns á Hilton Reykjavík Nordica og útskrifaðist þaðan árið 2009. Eftir útskrift próaði Daniel hæfileika sína á Vocal Restaurant og fleiri stöðum.

Þennan rétt völdum við sem uppskrift mánaðarins því hann er mjög gómsætur og einfaldur í eldamennsku og ekki skemmir að öll aðföng má fá á einum stað í næstu Nóatúnsverslun.

NÓATÚN

Það kórónar hverja máltíð að njóta þess að drekka gott vín með matnum. Við látum fylgja hér með tillögur að tveimur vintegundum sem hæfa þessum rétti alveg einstaklega vel.

Verði ykkur að góðu.

Brynjólfur hættir með vatnsleikfimina

Brynjólfur Björnsson sem kennt hefur vatnsleikfimi í Breiðholtslaug um árabíl hefur nú látið af störfum (allavega í bili) og mun nýr aðili taka við leikfiminna í haust. Sundhópurinn þakkaði Brynjólfi frábært samstarf með góðum gjöfum og vísum sem

samdar voru honum til heiðurs. Er Brynjólfi óskað alls hins besta við þau verkefni sem hann tekur sér fyrir hendur.

Meðfylgjandi eru myndir frá kveðjuathöfninni.



Útskriftarhátíð FB var haldin þann 24. maí sl. í Háskólabíói. Að þessu sinni útskrifuðust 192 nemendur, en alls voru 202 skirteini afhent þar sem nokkrir luku námi af tveimur brautum. Af starfsmenntabrautum útskrifuðust 11 húsasmiðir, 20 rafvirkjar, 17 snyrtifræðingar og 19 sjúkraliðar. 34 nemendur útskrifuðust af listnámsbrautum, 9 af starfsbraut og 125 sem stúdentar.

SKIPTU UM SKOÐUN

Það er ódýrara.

Tékkland 8.945

Aðalskoðun 10.320

Frumherji 9.600

Samanburður á verðskrá aðalskoðunar bifreiða undir 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd, skv. vefsíðum fyrirtækjanna 15. apríl 2013



TÉKKLAND
Bifreiðaskoðun



Wibitbraut í Breiðholtslaug

Í vor kom ný Wibitbraut í Breiðholtslauginu sem hefur heldur betur slegið í gegn hjá yngri kynslóðinni.

Krakkarnir hafa mætt vel í lauginu og reynt á hæfni sína við að

komast yfir brautina án þess að detta. Þá hefur einnig verið bætt við ýmsum skemmtilegum flot-leikföngum og rennibrautirnar eru alltaf jafn vinsælar. Það hefur því verið líf og fjör í Breiðholts-

lauginni það sem af er sumri þrátt fyrir votviðri.

Meðfylgjandi eru mynd af Wibitbrautinni.



Krakkarnir í Hólmaseli hafa starfað við að smíða kofa í sumar en kofasmíði er vinsæl á meðal krakka sem njóta þjónustu fristundaheimilanna. Hér gefur að líta árangur af byggingastörfum í Hólmaseli.

Íslenska hamborgarabókin komin út

Út er komin Íslenska hamborgarabókin eftir Svavar Halldórs-son fyrri fréttamann. Í bókinni eru tugir uppskrifta að hamborgurum, fyrst og fremst úr nautakjöti en einnig ýmsu öðru; hrefnu, laxi, hreindýrakjöti og humri. Þar er líka að finna uppskriftir að sósum, kartöfluréttum og brauðum, alls kyns sniðug ráð og frumlegar hugmyndir. Íslenskt hráefni er alls staðar uppistaðan. Á vefsíðunni www.hamborgarabokin.is eru svo myndbönd og fleira sem tengist efni bókanna.

Svavar hefur áritað bókina í verslunum Nettó í Grafarvogi og Mjódd þar sem gestir og gangandi ræddu leyndardóma hamborgaragerðar við höfundinn og þáðu góð ráð. En af hverju að gefa út bók um hamborgara? „Hamborgari sem matreiddur er af natni úr úrvals hráefni er gæðafæða. Bókin er hálft í hvoru skrifuð til að vekja athygli á því hversu gott hráefni er mikilvægt, og eins því hversu mikilvægt það er að vita hvaðan maturinn kemur. Hún er líka í aðra röndina varnarræða fyrir hinn holla hamborgara sem hefur verið dreginn niður í svað ruslfæðisins,“ segir Svavar sem starfaði um árabíl sem fréttu- og dagskrárgerðarmaður hjá Ríkisútvarpinu og Stöð 2. Í þessari bók birtist hinn harðsnúni fréttahaukur lesendum sem einlægur lífskúnnur og matmaður. Það hlutverk er þó ekki alveg nýtt fyrir honum. Erlendir og innlendir ferðamenn báru einróma lof á matarkúnn hans fyrir nokkrum misserum, þegar hann stóð sumarlangt yfir pottum og pönnum á Kirkjubóli í Bjarnardal í Öfundarfirði. Hráefni úr héraði var þá haft í öndvegi. Svavar segir að sú erfiða lífsreynsla höfundar að fá hjartaáfall aðeins 37 ára gamall setji mark sitt á bókina. „Bókin sýnir okkur hvernig hægt er að galdra fram hollar hamborgaraveislur úr íslensku hráefni. Hún byggir á reynslu fjölskylduföðurins úr eigin eldhúsi og vegferð í átt að heilbrigðari lífsstíl.“ Bókin er 132



Það má matbúa og snæða hamborgar í útilugu eða upp á fjöllum rétt eins og heima í eldhúsi. Hér er Svavar við ferðrill úti í náttúrunni.



Úr hollu hráefni og gómsætur.

siður og útgefandi er fyrirtækið Íslenskur matur og matarmening ehf. Reynt hefur verið eftir fremsta megni að stilla verði bókanna í hóf án þess að slá nokkurs staðar af kröfum. Frábærar ljósmyndir Kristins Magnússonar ljósmyndara kóróna verkið. (<http://kmpphoto.is/about-2/>)

www.breidholt.is



Tölvur og gögn ehf.

PC & Mac

þekking og reynsla

Persónuleg og traust tölvuþjónusta í Mjódd í sama húsi og Íslandsbanki.



Parabakki 3, Mjódd
109 Reykjavík
Sími: 696-3436
www.togg.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS



Alúð - virðing - traust

Áratuga reynsla

Suðurlíð 35, Rvk • www.utfarin.is

Vaktsími: 581 3300 & 896 8242

Allan sólarhringinn

Komum heim til

aðstandenda ef óskað er

Sverrir Einarsson

Kristín Ingólfssdóttir

Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkyrningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar



ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is

Vaktsími: 565 5892 & 896 8242 • Sólarhringsvakt

Komum heim til aðstandenda ef óskað er

Íþróttafélögin í Breiðholti með sameiginleg lið í kvennaboltanum:

ÍR/Leiknir með lið í 4., 5., 6., og 7. flokki kvenna



Brunað með boltann að marki andstæðinganna.

Íþróttafélögin í Breiðholti, ÍR og Leiknir, etja ekki bara kappi hvert við annað í þeim íþróttgreinum sem stundaðar eru í báðum félögunum, heldur hafa þau sameinast um lið í yngri flokkum kvenna í knattspyrnu, þ.e. í 4., 5., 6., og 7. flokki. Þessi samvinna hófst í fyrra. Mörg þessara liða má svo sjá í leik á Síamótinu, sem hefst í dag í Kópavogi en ÍR/Leiknir sendir þangað 9 lið til keppni.

Þann 10. júlí sl. keppti ÍR/Leiknir í 5. flokki kvenna við Hauka á Leiknisvelli. Í leik 5. flokks A-liða A vann ÍR/Leiknir 1:0 en í leik B-liða A unnu Haukastelpurnar 2:3. Alla jafna er gaman að fylgjast með leikjum yngri flokkanna, þar er leikgleðin í fyrirrími en eining sterkur vilji til að sigra andstæðinginn. Það var svo sannarlega til staðar í Breiðholtinu þennan eftirmiðdag.



Að undanfögnu hefur verið unnið við gerð hjólastígs norðaustan við ÍR-svæðið rétt hjá Árskógum 6 og 8. Margir Breiðhyltingar héldu í fyrstu að um göngustíg væri að ræða en stígurinn er eingöngu ætlaður hjólréiðafólki. Hjólréiðar njóta vaxandi vinsælda og hefur verið fólki sem notar reiðhjól að staðaldri fjölgað verulega að undanfögnu. Stígurinn er því kærkomin samgöngubót og tilvalin fyrir fólk sem vill stunda útivist á reiðhjólum. Mynd: BGB.

Eru rennurnar og niðurföllin hjá þér farin að leka?



Fyrirtækið Rennur & Niðurföll tekur að sér að endurnýja og laga rennur & niðurföll, einnig aðra þakvinnu og þakmálun.

Upplýsingar í síma 694 8448, Ólafur

Getraunarnr. 111

www.leiknir.com

Leiknir var stofnað 1973



Austurbergi 1, Efra Breiðholti

Leiknir vann BÍ/Bolungarvík 3-2

Leiknismenn sigruðu í BÍ/Bolungarvík í bráðfjórðugum knattspyrnuleik á Leiknisvelli á dögnum. Leiknismenn voru heilt yfir sterkara liðið og unnu verðskuldað 3-2.

Á upphafsminútum leiksins var bara eitt lið mætt til leiks og það voru okkar piltar. Djúpmönnum til happs hittu menn ekki markið eða markvörður þeirra var vel á verði þegar á reyndi. Leiknismenn fengu þrjú fín færi í upphafi leiks.

Lítið var að fréttá hjá gestunum sem þó áttu eitt hættulegt skot að marki, fremur langt utan af velli sem Eyjólfur varði vel. Þrátt fyrir fín færi, hafðist það ekki hjá Leiknisliðinu að koma boltanum í netið og leikar stóðu því 0-0 í hálfleik.

Síðari hálfleikur var talsvert fjölbreyttari músík en sá fyrri. Helst fyrir þær sakir að okkar menn náðu loks að brjóta ísinn sem varð til þess að gestirnir komust loks í gang. Markið kom uppúr aukaspyrnu utan af velli sem Fúsi tók frábærlega inná markteig þar sem hann lenti á blautum vellinum og í legg varnamanns og inn. Frábær spyrna. 1-0.

Nú fóru gestirnir að vera meira með boltann en áður en án þess þó að boltinn væri sleikjandi jörðina langtímum saman. Fór það svo að við vorum kýldir í kvíðinn og blautri tusku hent í andlit okkar. Fyrst jöfnuðu gestirnir, eftir hornspyrnu á 60. mínútu, metin, ekki beint með gangi leiksins og svo bættu þeir um betur og komu sér í 2-1 strax sex mínútum síðar.

En okkar menn lögðust ekki í kör heldur tóku árnar fram og sýndu mikinn styrk. Strax tveimur mínútum síðar jöfnuðum við metin með góðu marki. Egill Atla setti boltann upp vænginn á Hilmar Árna sem lék áfram og kom boltanum á Óla Hrannar sem lagði hann snyrtilega fyrir Fúsa sem kom askvaðandi inni teig og hamraði hann í netið, frábært mark!



Leiknismenn fagna góðum sigri á BÍ/Bolungarvík.

Leiknismenn biðu svo ekki boðanna heldur settu gestina undir mikla pressu næstu 3 mínúturnar eða allt þar til boltinn var aftur í netinu. Leiknismenn unnu horn, Hilmar tók það hornið þar sem markvörður gestana kýldi boltann frá en ekki langt heldur á Egil Atlason sem lagði hann fyrir sig af um 7 metra færi og skaut lausu en hnitmiðuðu skoti framhá hrúgu leikmanna og í markið. 3-2 skyndilega á 71 mínútu eftir 11 mínútna kafla með fjórum mörkum.

Má segja að þetta hafi nú algerlega verið í takt við allan leikinn. Við höfðum verið mikið mun sterkari og verðskuldum forystuna. En síðstu 20 mínúturnar sem voru óspilaðar í þessum leik voru ekkert sérstaklega vel leiknar af okkar mönnum. En það kom þó ekki að sök þar sem gestirnir sköpuðu sér lítið gegn skipulögðum Leiknismönnum. Það var því gleðileg stund sem rann upp þegar dómariinn flautaði leikinn af og við fengum gríðarlega mikilvæg 3 stig.

30 sundmenn á AMÍ mótinu



Glæsilegur hópur, samtals 30 sundmenn, 18 stelpur og 12 strákar héldu af stað norður yfir heiðar á dögnum til þess að keppa á Aldursflokkameistaramóti Íslands (AMÍ). Þess má geta að 20 barnanna voru í flokknum 12 ára og yngri sem er þó nokkur fjöldi og lofar góðu.

Sundfélagið Ægir endaði í öðru sæti í stigakeppni félaga á Aldursflokkameistaramóti Íslands 2013. Þar fá fyrstu 6 sætin í hverjum aldursflokki stig. Stigastaða fimm efstu liða var á þessa leið: ÍRB 1016 stig, Ægir 563 stig, SH 365 stig, Óðinn 315 og Breiðablik með 276 stig. Krakkarnir börðust allan tímann í hverju sundi til stiga. Þau voru flott og til fyrirmyndar. Aldursflokkameistaramót Íslands AMÍ er aldurskipt meistaramót í sundi þar sem keppt er beint til úrslita. Á AMÍ eru veitt verðlaun fyrir fyrstu þrjú sæti í hverri grein í hverjum aldursflokki. Aldursflokkarnir eru: Piltar og stúlkur 15 ára, drengir og telpur 13 – 14 ára, sveinar og meyrar 11 til 12 ára, hnokkar og hnátur 10 ára og yngri. Aldursflokkameistaramót Íslands er stigakeppni félaga.



Ægishópurinn ásamt þjálfurum.

Tveir hröðustu sundmenn félags í hverri grein og árgangi taka stig fyrir félagið. Einungis ein sveit frá hverju félagi getur tekið stig í hverjum aldursflokki. Einnig

verða veitt afreksverðlaun í hverjum aldursflokki/ekki árgang. Allir sem taka þátt í mótinu 12 ára og yngri fá sérstaka viðurkenningu fyrir þátttöku sína.

ÍR- og Leiknisvörur í úrvali

Enskar fótoltavörur

Leikföng í úrvali

Leiksport
Sími 5575020 Hólagarði

ÍR verður með lið í handknattleik kvenna á komandi leiktíð

Finnbogi Sigurbjörnsson hefur verið ráðinn þjálfari meistaraflokks kvenna í handknattleik hjá ÍR. Finnbogi er reynslumikill þjálfari og hóf hann fyrst störf fyrir félagið árið 1988. Hann hefur á síðustu árum meðal annars verið aðstoðar- og aðalþjálfari meistaraflokks karla hjá ÍR og komið að þjálfun yngri flokka félagsins, bæði karla og kvenna. Auk þess var hann aðstoðarlandsliðsþjálfari kvenna á árunum 2006-2010. Þá hefur hann einnig þjálfað hjá HK, Selfossi og Fylki á ferlinum.

Finnbogi Sigurbjörnsson segir að meistaraflokkur kvenna muni spila í utandeild á komandi leiktíð en markmiðið sé að skrá liðið til leiks í úrvalsdeild kvenna tímabilið 2014-2015. Þá sé stefnan sett á að fá fyrrum leikmenn ÍR heim í Breiðholtið á ný en fjölmargar handknattleikskonur í fremstu röð léku með félaginu á árum áður. Finnbogi segir nauð-



Finnbogi Sigurbjörnsson þjálfari.

synlegt að fá til liðs við félagið 3 – 4 leikmenn áður en tilkynnt verður þátttaka í N1-deild kvenna. Æfingar hefjast eftir verslunarmannahelgina og segir Finnbogi

að ÍR-ingar eigi marga efnilega leikmenn í yngri flokkunum, svo framtíðin eigi að vera býsna björt.

Arna Stefanía stigahæst kvenna á Landsmóti UMFÍ

Arna Stefanía Guðmundsdóttir úr ÍR varð stigahæsta konan á Landsmóti UMFÍ sem haldið var á Selfoss en hún halaði inn 45 stig fyrir lið ÍBR. Hilmar Örn Jónsson setti enn eitt Íslandsmetið í sleggjukasti í sínum flokki en hann kastaði karlasleggjunni á mótinu 58,12 metra. Lið ÍBR varð í 2. sæti í stiga-keppni kvenna og í heildarstiga-keppninni á eftir HSK en karlarnir unnu glæstan sigur.

Arna Stefanía Guðmundsdóttir varð landsmótsmeistari í 100 m grindahlaupi þegar hún hljóp á 14,60 m í löglegum vindi og bætti sinn besta tíma. Hún hlaut bronsverðlaun í 100 m hlaupinu en hún hljóp á 12,25 sekúndum. Í 200 m hlaupinu vann hún til silfurverðlauna á tímanum 24,81 sekúndu. Arna varð svo önnur í langstökki og hástökki en hún stökk 5,25 m í langstökkinu og fór yfir 1,61 í hástökkinu. Frábær árangur hjá Örnú Stefaníu á mótinu og halaði hún inn mörg dýrmæt stig. Aníta Hinriksdóttir varð landsmótsmeistari í 400 m hlaupi en hún kom í mark á tímanum 56,92 sekúndur. Hilmar Örn Jónsson varð landsmótsmeistari í sleggjukasti en hann setti jafnframt Íslandsmet í sínum aldursflokki og kastaði 58,12 m. Helgi Björnsson varð landsmótsmeistari í 110 m grindahlaupi en hann hljóp á tímanum 15,92 sekúndum í löglegum vindi og bætti sinn besta árangur. Helgi hljóp til bronsverðlauna í 100 m hlaupinu á tímanum 11,01 sekúndu og í 200 m hlaupinu en þá var tíminn 22,50 sekúndur.

Snorri Sigurðsson vann til silfurverðlaun í 400 m hlaupinu á tímanum 2:04,00 mín og Snorri Stefánsson hlaut bronsið en hann hljóp á 2:04,48 mín.

Thelma Lind landsmótsmeistari í þrístökki

Thelma Lind Kristjánsdóttir varð landsmótsmeistari í



ÍR-ingar á hlaupabrautinni á Landsmótini UMFÍ.

þrístökki þegar hún stökk 11,30 m. Thelma Lind varð svo þriðja í kúluvarpinu en hún varpaði kúlunni 10,93 sem er bæting hjá Thelmu.

Í 1500 m hlaupinu varð Snorri Sigurðsson í öðru sæti á tímanum 4:07,47 mín en Sæmundur Ólafsson vann til bronsverðlauna en hann hljóp á 4:10,23 mín. Ívar Kristinn Jasonarson hlaut silfurverðlaun bæði í 100 m hlaupinu og 200 m hlaupinu. Hann hljóp 100 m á 10,80 sekúndum og 200 m hlaupið á 21,81 sekúndu. Kristín Birna Ólafsdóttir varð þriðja í 100 m grindahlaupi á tímanum 14,57 sek.

Prefaldur sigur í langstökki

Í stangarstökki varð þrefaldur ÍBR sigur. Mark W. Johnson stökk hæst en hann fór yfir 4,90 m sem er jöfnun á landsmótsmetinu. Börkur Smári Kristinsson varð annar en hann fór yfir 4,40 m. Leó Gunnar Víðisson varð þriðji en hann fór yfir 4,20 m. Bogey Ragnheiður Leósdóttir hlaut silfurverðlaun í stangarstökki kvenna en hún fór yfir 3,10 m.

Dagbjartur Daði Jónsson kastaði spjótinu til silfurverðlauna þegar hann kastaði 51,91 m sem er mikil bæting hjá þessum unga íþróttamanni. Hrafnhild Eir Hermósdóttir varð önnur í 100 m hlaupi kvenna á tímanum 11,95 sekúndum Hulda Þorsteinsdóttir vann til bronsverðlauna í hástökki en hún fór yfir 1,58 m. Friðu Rún Þórðardóttir vann til bronsverðlauna í 3000 m hlaupi á tímanum 11:23,08 mín. Í 5000 m hlaupi karla varð Arnar Pétursson þriðji á tímanum 16:08,66 mín. Stefán Velemir varð þriðji í kúluvarpi karla en hann varpaði kúlunni 14,52 m. Stefán Árni Hafsteinsson hlaut silfurverðlaun í kringlukasti en hann kastaði kringlunni 43,25 m. Margrét Hlín Harðardóttir hlaut silfurverðlaun í 400 m grindahlaupi en hún hljóp á 1:14,76 mín. Í 4*100 m boðhlaupi unnu bæði karla og kvennasveitir ÍBR gullverðlaun. Kvennasveitin kom í mark á 48,57 sek. Sveitina skipuðu Thelma Lind, Hrafnhild Eir, Hulda og Arna Stefanía. Karlssveitin kom í mark á 44,31 sek. Það voru þeir Þorkell Stefánsson, Gunnar Guðmundsson, Helgi og Ívar Kristinn sem skipuðu sveitina.



Fréttir

Íþróttafélag Reykjavíkur
Skógarseli 12 • Sími 587 7080
Tölvupóstur: ir@ir.is
Heimasíða: ir.is

Aníta heimsmeistari

Aníta Hinriksdóttir 17 ára frjálsíþróttakona, uppalin í ÍR alla tíð, varð fyrsti heimsmeistari Íslendinga í frjálsíþróttum og ef ekki einnig sá fyrsti í Ólympískri íþróttagrein. Þann 14. júlí síðastliðinn, Aníta kom, sá og sigraði andstæðinga sína örugglega í 800 m hlaupi á stúlkana 17 ára og yngri og setti um leið mótsmet en gamla metið var 2:01,67 sek.

Aníta sigraði ekki aðeins á hlaupabrautinni með 2 sekúndna mun heldur vann hún hug og hjarta áhorfenda, fjölmiðlamanna og ekki síst áhorfenda heima á Íslandi sem fylgdust með öndina í hálsinum með keppninni alveg frá riðlakeppninni og til úrslitahlaupsins. Aníta fór röklega af stað að vanda, hljóp fyrri 400m á 58,25 sek og var í forystu ásamt bandarísku stúlkunni, Raveyn Rogers, Aníta jók síðan í, jafnt og þétt eftir þennan fyrri hring og var sigurinn aldrei í hættu. Gunnar Páll þjálfari hennar þurfti því ekki að örvænta, frekar en aðrir sem fylgdust með hér heima. Íslandsmet Anítu er 2:00,49 mín þannig að hún var skammt frá því. Hreint stórkostlegur árangur hjá Anítu sem nú heldur til Riet á Ítalíu þar sem EM 19 ára og yngri fer fram. Aníta var með langbesta tíma allra skráðra keppenda og voru væntingarnar í samræmi við það. Hún sigraði sinn riðil og var með besta tímann út úr riðlakeppninni 2:04,79 mín. Aníta var langfyrst í fyrri riðli undanúrslitahlaupsins á frábærum tíma,



Aníta Hinriksdóttir fyrsti heimsmeistari Íslendinga í frjálsíþróttum.

2:02;44 mín. Þetta er jafnframt næst hraðasti tími í 800 m hlaupi kvenna á Heimsmeistaramóti 17 ára og yngri frá upphafi. Aðeins El Jack frá Kenía hefur hlaupið hraðar en það var árið 2009 á tímanum 2:01;67 mín. Nokkur dramatik kom upp í lok hlaupsins þegar Aníta og stúlkan sem var í öðru sæti í hlaupinu voru dæmdar úr leik fyrir að stíga á línu í hlaupinu. Gunnar Páll Jóakimsson þjálfari Anítu kærði úrskurðinn en ekki var hægt að sjá með berum augum, né á upptökum af hlaupinu að Aníta hafi stigið á línu. Brautarvörður viðurkendi stuttu síðar mistök sín og dómurinn var því ógildur og þær komust báðar áfram í úrslitahlaupið.

Hilmar Örn keppti í Úkraínu

Hilmar Örn Jónsson úr ÍR keppti bæði í kúluvarpi og sleggjukasti á heimsmeistaramóti 17 ára og yngri í Úkraínu.

Hilmar varð 8. í sínum kasthópi í sleggjukastinu (5 kg) kastaði 70,98 m og varð í 17. sæti af 34 keppendum. Hann átti langt kast sem líklega hefði dugað inn í úrslitin, en var út fyrir kastgeirann og dæmdist því ógilt. Besti árangur Hilmars, 73,95 m hefði nægt honum inn í úrslitin en til að vera öruggur í úrslit þurfti að kasta 71.50m, Hilmar var því aðeins skammt frá þeim árangri. Hilmar varð síðan 25. af 34 keppendum í kúluvarpi sem var auka keppn-



Hilmar Örn að undirbúa kast.

isgrein hjá honum. Hann bætti sig þó og setti nýtt unglíngamet þegar hann varpaði 5 kg kúlunni 17,86 m en fyrra metið var 17,68m. 12 keppendur komust áfram.

Heimasíða
www.ir.is

GETRAUNANÚMER
ÍR ER 109

HVAÐ VILT ÞÚ GERA?

Allt að 200.000kr.-
styrkur til skapandi
starfa í þínu hverfi.

Opð fyrir alla í breiðholti á aldrinum 16-25
umsóknarfresti lýkur 1. ágúst



nánari upplýsingar á

www.hitthusid.is